

# Náttúran i nýju ljósi

## Skeldýr

Örstutt um myndbandið: Myndbandið um skeldýr/skeljar gerist bæði á landi og í sjó og sýnir heim dýra sem fórna hraða og hreyfanleika fyrir sterka ytri brynju. Skeljar virðast í ljósi þróunarinnar sigursæðar þrátt fyrir allar hömlur.

Efnisráður: Allar lífverur beita einhverjum ráðum til að bjarga sér og hafa skeljar reynst vel hvað þetta varðar. Hörð skurn verndar vísa að nýju lífi, sbr. kókoshnetu eða fuglsegg sem er fullkomlega hannað til að þola utanaðkomandi þrýsting en er samt nægilega veikt til að ungar geti brotið sér leið út. Skeljar í sjó skiptast í einskeljunga, samlokur og bergbúa.

ATH! Orðið skeldýr er í íslensku notað yfir flokka lindýra með ytri stoðgrind. Í þessu myndbandi er það notað yfir allar lífverur með einhvers konar ytri brynju hvort sem um hryggleysingja eða hryggdýr er að ræða, svo sem skjaldböku, humar, sporðdreka, smokkfisk og jafnvel kókoshnetu! Réttara væri því að kalla þetta myndband Skeljar frekar en Skeldýr.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að geta borið saman dýr með ytri og innri stoðgrind
- Að skilja hlutverk ytri stoðgrindar (skelja) í lífsbaráttunni
- Að geta nefnt helstu gerðir skelja í sjó og þekkja einkenni þeirra
- Að skilja hvernig kóraleyjar, kalksteinn og kríthamrar myndast

Helstu atriði og hugtök:

- samlokur
- einskeljungar
- bergbúar
- snigill
- kuðungur
- smokkfiskur
- möttull
- faðuöflun og varnir
- hvelja
- kóraleyjar
- kalksteinn
- kríthamrar
- hrúðurkarlar
- ostra
- perlumóðir

Hugmyndir að verkefnum:

- Skrifu niður allar þær lífverutegundir sem nefndar eru í myndbandinu og flokka þær eftir skyldleika (lindýr, krabbadýr, áttfætlur o.s.frv.)
- Fjöruferð og úrvinnsla. Taka með gátlista með þeim skeldýrum sem vanta má að finnast
- Skoða munstur á skeljum og kuðungum
- Lindýr og flokkar þeirra, einkenni, búsvæði o.fl.
- Bera saman hreyfingar dýra með ytri og innri stoðgrind

Til umræðu:

- Vöxtur dýra með ytri stoðgrind (skeljar). Hvernig er hann?
- Mismunandi leiðir til faðuöflunar hjá skeldýrum
- Varnaraðferðir skeldýra

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; erfðir, aðlögun, þróun

Tengsl við námsefni:

*Lifandi veröld*

*Lífrikið í fersku vatni*

*Fjaran–veggsþjald*

*Algeng fjörudýr  
Veröldin í vatninu  
Náttúran allan ársins hring*

Titill á frummáli: *Shells*

Þýðandi og þulur: Ingi K. Jóhannesson